

Reykvikungum gefst kosur á að skreppa í skemmtiferð á hestbaki nú um páskahelgina. Feðgarnir Ingimundur Ámundason og Ólafur Ingimundarson á Hrisbrú í Mosfellssveit, sem áður hafa gert talsvert að því að fara með fólk í ferðalög á hestum, er þeir eiga, gefa fólk kost á að fara með sér í útreiðartúr upp á Geitháls

Þeir munu standa fyrir þremur slíkum ferðum. Hin fyrsta verður á skírdag, önnur á laugardaginn

og hin þriðja á annan í páskum, ef guð lofar. Hafa þeir 7 hross til þessara ferða, flest tamin af þeim sjálfum og öll sögð þægileg reiðhross en sum ágæt.

Feðgarnir á Hrisbrú hafa áður lagt stund á að selja fylgd sína og leigja reiðskjóta til skemmtiferða. Síðast liðið sumar fóru þeir þriggja til fjögurra stunda ferðir úr Mosfellssveit að Tröllafossi. Hyggjast þeir í sumar halda uppi svipuðum reiðtúrum en fara auk þess í lengri ferðir, t. d. á Þingvelli og að Laugarvatni.

Í ferðirnar á Geitháls verður lagt af stað úr Laugardal hér í Reykjavík. Þátttaka kostar 200 krónur, og getur fólk fengið upplýsingar í síma 23400.



Sumaráætlun millilandaflugs Flugfélags Íslands gengur í gildi 1. apríl næstkomandi. Samkvæmt henni fara flugvélar félagsins tíu ferðir frá Reykjavík til útlanda yfir mesta annatímann, enda eiga margir farþegar þannig far. Samkvæmt sumaráætluninni verður ferðum fjölgað í áföngum til 17. júní. Þar af eru níu ferðir á viku til Kaupmannahafnar, átta ferðir til Bretlands, tvær ferðir til Osló og tvær til Hamborgar. Ennþá liggja ekki fyrir nauðsynleg leyfi til Parísarflugs, og er því ekki víst, að það geti hafizt í sumar, eins og ráð var fyrir gert. Með sumaráætlun millilandaflugs breytast brottfarar- og komutímar flugvélna. Brottfarartímar frá Reykjavík til útlanda verða kl. 8,00, 8,30 og 10,00 árdegis, og komutímar frá kl. 22,30 til 23,55, nema sunnudagsferðir frá Hamborg, Kaupmannahöfn og Osló, sem koma til Reykjavíkur kl. 16,40. Flugfélag Íslands hefur nú á leigu Cloudmasterflugvél af fullkomnustu gerð til millilandaflugs, og mun svo verða um nokkurn tíma, þar sem önnur Viscountflugvélin er bundin við störf í Grænlandi, en hin er í skoðun ytra. Á sumri komandi munu Viscountflugvélnar hins vegar annast millilandaflugið að mestum hluta, en að nokkru mun verða notuð DC-6B, sem Flugfélag Íslands hyggst kaupa. Sú flugvél er hinn glæsilegasti farkostur og búin fullkomnustu tækjum, m. a. ratsjá.

21. maí s.l. ár opnaði hlutafélagið Byggingavörur verzlun að Laugavegi 178 undir nafninu Byggingavörur h.f. Tilgangur félagsins er að verzla þar með alls konar byggingavörur (smávöru), málningu, handverkfæri, rafknúin verkfæri, smávélar og ýmislegt annað því skylt.

komulag er einkar hentugt, þar sem hægt er að breyta millibili hjóllanna fyrirhafnarlítið. Enn fremur er ekkert naglfast í innréttingunni, þannig að hægt er að taka hana niður á mjög skömmum tíma. Fyrir framan afgreiðsluborð, er komið fyrir sætum fyrir viðskiptavina og er það nýjung í þessari tegund verzlunar.

Verzlunarstjóri verzlunarinnar er Össur Aðalsteinsson.



Innréttingu verzlunarinnar teiknaði og skipulagði Guðmundur Kr. Kristinsson, arkitekt, en smíði og uppsetningu annaðist blikksmiðja J. B. Péturssonar, að undanskildum útstillingaskápum, sem eru úr tré, þá smíðaði Snæbjörn G. Jónsson, trésmi. og loftgrind og þiljur smíðaði Sveinbjörn Sigurðsson, byggingam.

Innréttingin er sniðin samkvæmt fenginni reynslu af svipaðri innréttingu, er Guðmundur teiknaði fyrir járnvöruverzlun J. B. Péturssonar. Þá var enn fremur nýlega opnað verzlunin Vesturröst h.f., Garðastræti 2 og hafa eigendur þess fyrirtækis haft þessar innréttingar til fyrirmyndar.

Innréttingin er að mestu smíðuð úr járni og stálrörum. Hillufyrir-

Egilsstöðum, 22. marz — Enn er sama veðurblíðan og verið hefur í vetur, vegir þurrir og farið að hefla þá.

Er til, að sumir sýni þá trú sína í verki með því að sleppa sauðfé. Telja það ekki koma að sök að sleppa rigvænu fé, reikna með að ná því saman ef þannig viðraði að þess reynist þörf en ef á hinn bóginn bliðan héldist þá stýttist óðum í gróðurinn.

Félag húsgagnaarkitekta opnar í dag sýningu í Reykjavík sem nefnist „Húsgögn — 1961“. Verður hún að Laugavegi 26. Þar sýna húsgagnaarkitektar margvísleg húsgögn, en auk þess verða til sýnis ýmsir listmunir og listiðnaður.

Um páskana í fyrra efndi Félag húsgagnaarkitekta til fyrstu húsgagnasýningar sinnar í húsakynnum Almennra Trygginga við Pósthússtræti. Var hún mikið sótt og vakti athygli. Nú hefur félagið fengið til umráða húsnæði að Laugavegi 26, og fær þar þrefalt stærri gólfplöt til umráða en í fyrra, eða 400 fermetra.

Þarna verða 34 sýningarbásar, og auk húsgagna verða sýndir þarna silfurmunir, smelti, vefnaður, keramik, veggteppi og gólfteppi, ullariðnaður frá verksmiðjum o. fl.

Átta húsgagnaarkitektar og 4 aðilar aðrir hafa teiknað húsgögnin og er þar eingöngu um að ræða nýjar gerðir húsgagna sem ekki hafa verið sýnd eða seld hér á landi áður.

Þessir húsgagnaarkitektar eiga muni á sýningunni: Árni Jónsson, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Theódórsson, Halldór Hjálmarsson, Helgi Hallgrímsson, Hjalte Geir Kristjánsson, Kjartan A. Kjartansson og Þorkell G. Guðmundsson.

Auk þess hafa teiknað húsgögn Jón og Benedikt Guðmundsson og Axel Eyjólfsson húsgagna smíðameistarar og Manfred Vilhjálmsson arkitekt.

Silfurmunir hafa gert Jóhannes Jóhannesson, Halldór Kristinsson, Ásdís Sveinsdóttir, Reynir Guð-

laugsson og Jens Guðjónsson.

Keramik er eftir Ragnar Kjartansson, listvefnaður er eftir Guðrúnu Jónasdóttur, Ásgerði Ester Búadóttur, Barböru Árnason, Ragn-

heiði Jónsdóttur og Steinunni Magnúsdóttur.

Þá er á sýningunni smelti eftir Sigrúnu Gunnlaugsdóttur og Jódóttur, (Framhald á 2. síðu.)



Músafálkinn hremmir ekki aðeins mýs sér til átu, eins og nafnið bendir til, heldur étur hann líka snáka og smáslöngur. Hér sjáum við fálkaunga, sem er í þann veginn að gleypa sléttusnák.

Laos

(Framhald af 3. síðu).

um of í Laosmálinu. Franska stjórinn tekur hins vegar fram, að ágreiningur sé aðeins um aðferðir en ekki málafni.

Bjartsýnir — og þó

Í dag skýrði Dean Rusk frá því á ráðstefnunni, að svar Sovétstjórnarinnar við tillögum Breta um lausn Laosmálsins væri ekki að vænta fyrr en eftir að SEATO-ráðstefnunni lyki. Hins vegar telur Rusk, að eftir fund þeirra Gromykos, utanríkisráðherra Sovétríkjanna og Kennedys, Bandaríkjaforseta, í gær, séu góðar horfur á friðsamlegri lausn í Laos.

Formælandi brezku sendinefndarinnar á SEATO-ráðstefnunni lét svo ummælt í dag, að Vesturveldin gerðu sér vonir um jákvætt svar frá Sovétstjórninni við tillögum um brezku stjórnarinnar til lausnar Laosmálinu. Af brezkri hálfu er þó enn varað við of mikilli bjartsýni og á það bent, að Gromyko hafi á fundi sínum með Kennedy ekki lagt fram neitt ákveðið. Hins vegar líti brezka stjórnin svo á, að Sovétstjórnin kæri sig ekki um vopnuð átök stórveldanna í Laos.

Í blaðinu í gær var skýrt frá tillögum brezku stjórnarinnar í Laos málinu. Er þær í þremur liðum. 1) Bretland og Sovétríkin beiti sér fyrir vopnahléi í Laos. 2) Eftirlitsnefndin frá 1954 komi saman að nýju og 3) 14 ríkja ráðstefna fjalli um framtíð Laos.

Souvanna Phouma, sem var forsætisráðherra hlutleysisstjórnar Laos, kemur til Lundúna á fimmtu dag. Brezka stjórnin mun þá reyna til hins ýtrasta, að ná samkomulagi með deiluaðilum í Laos. M. a. mun verða reynt að koma af stað nýjum viðræðum milli Souvanna Phouma og Boum Oum, núverandi forsætisráðherra hægri stjórnarinnar, en viðræður þessara aðila fóru út um þúfur í Kambodja fyrir skömmu. Í Lundúnum eru menn þeirrar skoðunar, að hægri stjórnin í Laos muni nú fánleg til þess að ræða um myndun samsteypustjórnar undir forsæti Souvanna Phouma, og eigi sæti í þeirri stjórn hægri menn, vinstri menn og fulltrúar Pathet Lao kommúnista.

Enn er ekkert lát á bardögum í Laos. Herir stjórnarinnar hafa verið á undanhaldi síðustu daga og hafa vinstri menn klofið landið í tvennt og hafa alla mikilvægustu staði landsins á sínu valdi. M. a. hafa þeir lokað leiðinni milli stjórnarsetursins Vietiane og borgarinnar Luang Prabang. Upplýsingamálaráðherra hægri stjórnarinnar sagði í dag, að enn væri ekkert lát á vopna- og vístaflutningum til vinstri manna frá Norður-Vietnam.

Flestir veiktust

(Framhald af 1. síðu.)

fólki því, sem í Sjálfstæðishúsinu starfaði þetta kvöld.

Sýnishornin voru send til rannsóknarstofu háskólans til rannsókna. En engir sýklar, sem skýrt gætu veikindin, fundust í þeim.

Borgarlæknir sendi blöðum í gær skýrslu um þetta mál, og segir í henni, að rétt sé að geta þess, að sú óheppilega tilhögun hafi verið höfð við framleiðslu matarins, að hann hafi verið látinn standa á borðum í samkvæm issölum í nálaga sjö klukkutíma við hærri hitastig en geyma má mat við og neytt tvicegis af honum. „Þótt ekkert sé hægt að fullyrða um, hverja þýðingu þessi háttur, sem hér var hafður á, hefur haft í þessu tilfelli, skal eindregið varað við þessari tilhögun, sem því miður virðist vera að ryðja sér til rúms hér“, segir í skýrslunni.

Við stýrið

(Framhald af 1. síðu.)

Leituðu hies en slítnuðu upp

Samt sem áður lögðu þeir af stað heim á leið og keyrðu um það bil tuttugu mínútur, en hættu þá við heimferðina og sáu ekki annað vænna heldur en að reyna að halda sjó, því að bylurinn var koldimmur og veðrið óskaplegt. — Þeir héldu sjó til klukkan tvö um nóttina. Þá rofaði aðeins til, og þeir gátu sláð innundir svokallaðan Loka. Þar var svolítið skárri, en þó lítið afdrep. Þarna lögðust þeir, uppi á tuttugu föðum, en slitu ankerið fljótlega.

Eftir það andæfðu þeir til klukkan fimm um morguninn, sunnudagsmorguninn. Þá var veðrið heldur skárri. Lögðu þeir nú af stað heim og gekk heimferðin vel. Komu þeir til Þórshafnar klukkan sjö á sunnudagsmorgun.

Dekkið bjargaði

Það var nýbúið að dekkja þessa trillu, sem er fjögur tonn, og telur Jóhann, að þeir hefðu ekki verið ofan sjávar, ef trillan hefði verið opin. Um nóttina fengu þeir marga hnúta og slæma, en báturinn varði sig vel, og tjáði Jóhann mér, að hann væri mjög ánægður með hann sem sjóskip. Jóhann stóð við stýrið frá klukkan fjögur eftir hádegis á laugardag, stanzlaust allt þangað til klukkan sjö á sunnudagsmorgun, er þeir komu til hafnar. Sagði Jóhann, að veðrið hefði verið slíkt, að þeir hefðu orðið að keyra fulla ferð um nóttina til að halda uppi. Hann var hálf hræddur um, að þeir hefðu litla olíu, en þegar til kom, reyndist hún nægileg, og þeir áttu væn-an sopa eftir, þegar til hafnar kom. — JJ.

Húsgagnasýning

(Framhald af 16. síðu.)

hannes Jóhannesson. Þá er ullariðnaður frá verksmiðjum: Húsgagnaáklæði og væðarvoðir frá Álafossi, húsgagnaáklæði frá Útina og Gefjunni, og skinn frá íðunni á Akureyri. Öll gólfteppi, sem sýnd eru þarna, eru frá Vefarunum h.f., en dúkar, sem skilja sýningarsvæðin, eru frá Dúka-verksmiðjunni h.f. á Akureyri.

Sýningin á Laugaveg 26 verður opnuð kl. 18 í dag og stendur í tva daga. Hún verður opin virka daga frá kl. 2 til 10 og á helgidögum frá kl. 10—10.

Munir til München

Þess er að geta, að af þessari sýningu verða valdir munir, sem sendir verða á hand- og listiðnaðarsýningu, sem haldin verður í München dagana 31. maí til 1. júní. Vörusýningarnefnd hefur falið Félagi húsgagnaarkitekta að sjá um bátt Íslands á þeirri sýningu. Listiðnaðarsýningin í München er haldin árlega, og hefur alltaf verið mikil þátttaka í henni, meðal annars sýna Norðurlandabjóðirnar listiðnað sinn. Hafa færri komið að til að sýna þarna en vilja. Íslendingar hafa einu sinni áður tekið þátt í Münchensýningunni, og vakti íslenska deildin mikla athygli. Þá hlaut Ásgerður Ester Eðadóttir gullpening sýningarinnar fyrir myndvefnað, en mynd hennar heitir Kona með fugl, og hefur hún verið gefin út í safni endurprenta Helgafells af íslenskum listaverkum.

Nú mun dómnefnd verða skipuð til að velja núsögð og annan listiðnað, sem sendur verður til München, en þar fær íslenska deildin 40—50 fermetra sýningar-svæði.

Félag húsgagnaarkitekta berti sér fyrir sýningu húsgagna í fyrria, og heldur nú áfram á sömu braut. Vill það gefa almenningi kost á að kynna sig á helztu nýjungum í húsgagnagerð, og nú gefst jafnframt kostur á að sjá ýmsan annan listiðnað. Sýningarnefnd fé-

Tshombe hættir útrýmingu Balúbamanna

Viðá átök S.P. hermanna við kongóska herinn

Elisabeville 28/3 (NTB) — Yfirhershöfðingi herliðs S.P. í Kongó, McKeown frá Írlandi, hefur rætt við Moise Tshombe sjálfskipaðan forsætisráðherra Katangafylkis, um hið alvarlega ástand, sem skapast hefur í norðurhéraðum Katanga, sem eru að mestu leyti á valdi hinna herskáu Balúbamanna.

McKeown hélt fund með blaðamönnum í Elisabethville, höfuðstað Katanga, í dag og sagði þar m. a., að mikið lið væri saman komið við borgina Manono í Norður-Katanga og S.P. hefðu miklar áhyggjur vegna ástandsins á þessum slóðum, enda hefði sá kvittur komið upp, að Tshombe hygðist ganga milli bols og höfuðs á Balúbamönnum í eitt skipti fyrir öll. Hins vegar sagði hershöfðinginn, að honum hefði tekist að fá Tshombe ofan af slíkum ráðagerðum og myndi hann leita friðsamlegrar lausnar í Norður-Katanga. McKeown skýrði frá því, að hann hefði rætt við Tshombe um

útlendinga þá, sem hann hefur dregið til sín í hundradævis og skipa nú heila hersveit. Sagði McKeown S.P. lítt hrifnar af þessari herdeild og því síður að hún væri stödd á óróasvæðunum í N-Katanga.

Nýjar bækur

Bjarni Einarsson:

Skáldsögur

Um uppruna og eðli ástar-skáldsagaanna fornu. Verð 6b. kr. 135 00, í skinnl. kr. 185.00

Eugene Ionesco:

Nashyrningarnir

Hið viðfræga leikrit, sem Þjóðleikhúsið sýnir um þessar mundir. Verð 6b. kr. 35.00. Jónas og Jón Múli Árnasynir:

Delerium búbonis

gamanlekurinn vinsæli. — Verð 6b. kr. 35.00

Bókaútgáfa

Menningarsjóðs

Handverkfæri



Mikið úrval af alls konar handverkfærum nýkomuð. Bacho rörtengur skiptilyklar rörskerar, margar gerðir af tóngum.

Hin velþekktu handverkfæri „REIZER“ svo sem tengur alls konar stjórnulyklasert N.F. og mm. Réttingasett fyrir bíla. Topplýlasett N.F. og mm. Öfluggar, þykktarmál Snittæki fyrir bolta mm og N.F. og Whitw.

Sendum gegn póströfu

VALD. POULSEN h.f. Klapparstíg 29, sími 13024

KitchenAid

HRÆRIVÉLIN



HAGKVÆMIR

GREIÐSLUSKILMÁLAR

Sölustadir:


DRÁTTARVÉLAR H.F.

HAFNARSTRÆTI 23 — SÍMI 18395

KAUPFÉLÖGIN

HAFIÐ ÞÉR ATHUGAÐ

verðmuninn á Gefjunargarni og erlendu garni?



úr GEFJUNARGARNI

100 LITIR

Bifreiðasala

Björgúlfur Sigurðssonar —

Hann selur bílana. Símar 18085 — 19615.